

## Aðalfundur Reykjaness,

haldinn 4. október 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda hinn 18. og 19. október.

1. Aðalfundur Reykjaness hvetur Hafrannsóknastofnun til að nýta sér upplýsingar úr afladagbókum sem koma frá smábátum sem veiða með krókum á grunnslóð.

### Greinargerð.

Þær upplýsingar mætti nýta til margra þátta við stjórn fiskveiða. Til dæmis stærðar fisks í afla, áhrif annarra veiðarfæra en króka á sömu stöðum.

2. Aðalfundur Reykjaness leggur til að byggðakvóti verði ekki skilyrtur til afhendingar í beinum viðskiptum til vinnslu á sama stað og honum er úthlutað.

### Greinargerð.

Með þessu skilyrði er gengið fram hjá fiskmörkuðum sem gegna lykilhlutverki í verðmyndun afla hjá útgerðum án vinnslu.

3. Aðalfundur Reykjaness leggur til að dagafjöldi verði áfram stjórnþæki við veiðar á grásleppu og hafnar kvótasetningu á henni.

### Greinargerð.

Kvótasetning hefur í för með sér röskun veiðanna og samþjöppun veiðiréttar frá litlum útgerðum til stórra útgerðaraðila.

4. Aðalfundur Reykjaness leggur til að stjórn LS skipi 3ja manna nefnd til að kanna möguleika á vaxtalækkun hjá bönkum og sjóðum við lántöku til kvótakaupa í einyrkjaútgerð. Hugsanlega með því að standa að útboði til lækkunar á vöxtum þegar lán er veitt til kaupanna.

### Greinargerð.

Með hagkvæmum lánum einyrkja til kvótakaupa fengi útgerðin bakland með kvótanum og betri nýtingu á bátum sínum.

5. Aðalfundur Reykjaness hafnar alfarið kvótasetningu á hlýra.

### Greinargerð.

Það má reikna með því að 250 milljón króna aflaverðmæti verði hent í sjóinn miðað við veiði á hlýra síðasta fiskveiðiár.

6. Aðalfundur Reykjaness leggur til að opnun veiðisvæðis fyrir botntroll vestur frá Sandgerði og suður af Grindavík verði frestað til 1. júní ár hvert.

Greinargerð.

Hrygningartímabili þorsks er ekki lokið þann 1. maí.

7. Aðalfundur Reykjaness leggur til að strandveiðar verði lengdar um 2 mánuði og verði frá 1. mars til 31. ágúst þar sem fiskgengd við suðvesturhornið er frá mars til júní.
8. Aðalfundur Reykjaness leggur til að bryggjugjald með strandveiðileyfi verði afnumið.
9. Aðalfundur Reykjaness krefst þess að aftur verði teknir upp pottar á hverju strandveiðisvæði fyrir sig, þ.e. A, B, C og D.

Greinargerð.

Til þess að hægt sé að vera með mismunandi veiðitíma á veiðisvæðum þarf að vera veiðipottur á hverju svæði.

10. Aðalfundur Reykjaness skorar á stjórn LS að hefja viðræður við Hrollaug um hvort félagið hafi áhuga á að koma aftur inn í LS.
11. Aðalfundur Reykjaness skorar á sveitarstjórnir í landinu að verja veiðirétt strandbyggðanna fyrir óhóflegri gjaldröku og hugmyndum um að ríkið taka veiðiréttinn eignarnámi og setji hann á uppboð.  
Reykjanes hafnar öllum slíkum hugmyndum.
12. Aðalfundur Reykjaness skorar á stjórnvöld og Alþingi að skoða hvort eignarhald á fiskmörkuðum hér á landi sé með óeðlilegum hætti miðað við eignarhald í nágrennalöndunum og innan EES svæðisins og tekur verði upp sambærilegar reglur um fiskmarkaði og þar gilda varðandi eignarhald á mörkuðunum og uppgjör við seljendur á fiski.